

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2025-2026.

FEBSEL hélt aðalfund 26.02.2025. Stjórnin sem kosin var eftir nýjum lögum félagsins frá því árið áður hélt áfram sínu starfi þar sem lögin kváðu á um að menn væru kosnir til 2ja ára (nema formaður til eins árs í senn).

Stjórnarformaður skipaður til eins árs í senn er Kristbjörg Ólafsdóttir. Aðalmenn í stjórn eru: Sigríður Ólafsdóttir, gjaldkeri, Aðalbjörg Finnbogadóttir, ritari, Stefán Bergmann og Inga Hersteinsdóttir. Varamenn eru: Sigurður Hannesson og Helgi Hjaltason. Stjórnin kemur saman að Skólabraut 5 og fundir þetta starfsárið voru 8 talsins.

Nú hafa stjórnarmenn starfað eftir nýju lögnum í tvö ár og hafa þau Inga Hersteinsdóttir og Helgi Hjaltason ákveðið að hætta og auk þess gefur formaðurinn Kristbjörg ekki kost á sér aftur, hefur verið formaður í 5 ár. Að því sögðu verða þeir nýir stjórnarmenn kjörnir á þessum aðalfundi.

Á stjórnarfundum okkar þetta árið hafa mörg málefni verið tekin fyrir og rædd í stjórn. **Öldungaráðið** sem að okkar mati hefur því miður ekki starfað eins og best verður á kosið, náðum þó fjórum fundum á árinu í fyrsta sinn síðan í Covid. Öldungaráðsfundir voru skornir niður í tvo fundi á ári í Covid og því haldið þannig þar til nú. Öldungaráðin eru á mörgum stöðum á landinu lítið sem ekkert starfandi og hefur komið upp sú tillaga hjá **LEB** að til þess að farið verði að landslögum um Öldungaráð, þá sé affarasælast að kjósa formanninn úr röðum félaga eldri borgara. **FebSel** lagði það til við bæjarstjórnina, en því var hafnað. Einnig töldum við að mikið vantaði upp á samband og tengsl milli þeirra aðila sem sæju um þarfir eldri bæjarbúa bæði heilsufarslega og félagslega. Sú hugmynd kom upp að reynt skyldi að mynda starfshóp þeirra aðila og koma á viðræðum. Sólveig Hlín Kristjánsdóttir sem var þá verkefnastjóri forvarna-og frístundastarfs hjá bænum tók að sér að halda utanum svona hóp og kalla hann saman. „**TEYMIÐ**“, í því eru fulltrúar: einn frá Bænum, Öldungaráðsformaðurinn, forstöðumaður félagsstarfsins á Skólabraut, frá heimaþjónustunni, Heilsugæglunni, Gróttu, kirkjunni og 2 úr stjórn FebSel. Við höfum fundað reglulega, annan hvern mánuð og núverandi verkefnastjóri Gissur Ari Kristinsson hefur hvergi látið deigan síga. Okkur sem að þessu standa þykir hafa tekist mjög vel til. Teymið stóð fyrir **VIRKNIÞINGI** um miðjan september í Safnaðarheimili kirkjunnar. Þar komu fulltrúar flestra þeirra sem hafa eitthvað upp á að bjóða fyrir eldri borgara og kynntu starfsemi sína fyrir veturinn. Fullt út úr dyrum og mikil ánægja með samkomuna. Ákveðið hefur verið að halda annað Virkniþing í haust og hafa það strax í byrjun september. Á fundun Teymisins koma menn með nýjustu vendingar hver á sínu sviði og umræða og uppástungur hvað mætti betur fara og/eða nýjar leiðir að tómstundum eða skemmtunum, fyrirlestrahaldi og námskeiðum. Sem sagt mikil gerjun. Í Teyminu höfum við rætt um framvindu vinnuvið að gera **Félagsheimilið** upp, að í þeirri vinnu verði skipulagt félagsstarf haft að leiðarljósi. Húsið er svo miðsvæðis að augljóst er að mikill fengur yrði fyrir eldri borgara bæjarins að geta notað það sem miðpunkt.

Önnur málefni á dagskrá stjórnar FEBSEL: eru **Frísk í Gróttu** (leikfimi 2x í viku). Hóparnir eru tveir og eftirspurn að aukast. Haldinn var fyrirlestur í Hátíðasal Gróttuá snjódaginn mikla í október um heilbrigt matarræði og talað um að hafa slíka fyrirlestra reglulega, fræða fólki um heilsufar og góða lífnaðarhætti.

Gönguklúbburinn á föstudagsmorgnum er alltaf að stækka og menn setjast saman eftir hressa göngu, spjalla og njóta kaffis og kruðirís í boði **Björnsbakarís**.

Húsnæðismál hafa oft komið til tals á stjórnarfundum **FEBSEL**, vöntun á íbúðum fyrir þá sem minnka vilja við sig. Margir gamlir Seltirningar hafa þurft að yfirgefa bæinn sinn vegna þessa. FEBSEL hefur bent á að kjörið væri að mynda „**Lífsgæðakjarna**“ smám saman, eftir því sem hús losnuðu, í húsaröðinni á Skólabraut. Félagsheimilið kemur sterkt inn hér sem miðpunktur samveru. Bærinn þyrfti að marka stefnu um þetta. Einnig er aðkallandi að allt það húsnæði sem bærinn á, sé í fullri notkun, því eftir því sem fjölgar í eldri manna hópi þurfum við aðstöðu til halda úti félags- og margháttaðri frístundastarfsemi. Við lögðum áherslu á það við Bæinn að einu sinni á ári væri fundað um þau útgjöld sem áætluð væru vegna „eldri borgara“ í reikningum bæjarins. Í byrjun desember var fyrsti slíki fundurinn (í Öldungaráði) og verður afar spennandi að fylgjast með þessum útgjaldaliðum fyrir okkur þegar hægt verður að bera saman tölurnar að ári og á milli ára. Eins væri fróðlegt að fá að vita hversu stóra % þetta sama fólk skilar inn í bæjarsjóð árlega. **Sveitastjórnarkosningar** verða í vor og höfum við rætt um að gaman yrði að halda opinn fund með öllum frambjóðendum og láta þau segja okkur hvar þeir ætla að hafa áherslurnar þegar að málefnum eldri borgara kemur. Við hér í bæ sem eru 60+ ára erum 33% af kosningabæru fólki!

Rætt hefur verið að koma þyrfti upp **DUFTGARÐI** í nágrenni kirkjunnar svo fólk þyrfti ekki að leggjast í langferðir til að vitja leiða farinna ástvina sinna. Í samvinnu við **Bókasafn Seltjarnarness** hefur **FebSel** verið með fyrirlestra, í byrjun mars verður þar kynning á „**Netöryggi og gervigreind**“ sem sérstaklega er sniðin fyrir eldri borgara. Á miðvikudaginn n.k. í hádeginu verður opinn fundur (25.02.26) hér á Skólabrautinni með formanni **LEB**, Birni Snæbjörnssyni og framkvæmdarstýru, þar sem þau fara vel yfir mál LEB. Mikill gangur hefur verið í starfi LEB. Við fylgjumst vel með og tók formaður **FebSel** þátt í mánaðarlegum formannafundum í gegnum Teams (alls 8). Síðastliðið haust komu formenn félaga eldri borgara saman að Varmalandi í Borgarfirði og héldu vinnufund sem stóð í einn sólarhring. Þar voru málefni og áherslumál landsambandsins tekin fyrir og gefin út viðamikil samantekt sem er góður viti fyrir okkur félögin að fara eftir. Allar svona samkomur formanna virðast skila sér í auknu starfi og skilningi milli mismunandi félaga í landinu. Landsfundur var í vor í Reykjanesbæ og aðaláhersla þar var á húsnæðismálum, kjaramálum og stöðu Öldungaráða um landið en hún er mjög mismunandi. Ráðstefna um ofbeldi gegn öldruðum var haldin í haust, á síðasta formannafundi var vándrykkja eldra fólks tekin fyrir og sérfræðingar fengnir til framsögu, Hér er aðeins lítil hluti þess mikla starfs sem fram fer í **LEB** tiltekið.

Auk þessa hér að ofan tók formaður þátt í undirbúningsfundum margra aðila varðandi stefnumörkun Bæjarins í málefnum aldraðra sem endaði þó með því að Hildigunnur Gunnarsdóttir og Guðrún Björg Karlsdóttir tóku að sér að skrifa hana og var sú stefnumótunin samþykkt í bæjarstjórn. Formaður tók þátt í vinnustofu um „Seltjarnarnes sem túristastaður“ Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins kallaði til skrafs og ráða. Ætlunin er að kynna niðurstöður á þessu ári.

Allar nánari upplýsingar um starfsemi stjórnar **FEBSEL** má nálgast á heimasíðu FEBSEL :www.febseltj.is. Þar má finna allar fundargerðir stjórnar síðan 2022, lög félagsins og önnur hagnýt mál, hvet ég félagsmenn til að fara inn á síðuna okkar, hún hefur fullt af góðum upplýsingum að geyma og hægt að fylgjast með hvernig málin hafa þróast. Helgi Hjaltason vann félaginu gott starf með því að afhenda okkur þessa heimasíðu.

Inga Hersteinsdóttir og **Helgi Hjaltason** hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn FebSel. Ég vildi þakka þeim fyrir þeirra góða starf í þágu félagsins og óska þeim alls hins besta í framtíðinni. Ég sjálf, Kristbjörg Ólafsdóttir hef líka ákveðið að gefa ekki kost á mér til formanns. Ég vildi nota tækifærið og þakka fyrir mig. Á þessum 5 árum sem formaður hef ég lært ótrúlega mikið, kynnst mörgu frábæru fólki og fengið að líta inn í bæjarstjórnarsýsluna sem var alveg nýr vettvangur fyrir mig. Ég veit að FebSel verður í góðum hönum og óska ég öllum velfarnaðar.

Seltjarnarnesi 19.02.2026,

**FyrirhöndstjórnarFélagseldriborgaraSeltjarnarnesi,
Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður.**